




Samskiptaáætlun Gerðaskóla

2020 - 2022



Stefna skólans í samskiptamálum

Gerðaskóli vill ávallt leita allra leiða til að skapa jákvætt og uppbyggjandi umhverfi fyrir nemendur. Skólinn leitast eftir að eiga gott samstarf við heimilin um að byggja upp sjálfsaga og sjálfstraust hjá nemendum. Samskiptaáætlun skólans miðar að því að fyrirbyggja einelti og andfélagslega hegðun og taka á slíkum málum þegar þau koma upp. Skóli getur aldrei einn og sér tekið á vanlíðan nemanda heldur þurfa allir aðilar samfélagsins að stuðla að jákvæðum samskiptum á öllum sviðum.

Gerðaskóli er í innleiðingarferli á uppeldisstefnunni Jákvæður agi (Positive Discipline) sem byggir á sjálfsstjórnarkenningum sem horfa á orsakir hegðunar við að leiðrétta óæskilega hegðun. Þessi áætlun er unnin út frá Jákvæðum aga, hugmyndafræði Olweusar og með áætlanir annarra skóla til hliðsjónar.

Samskiptateymi

Í samskiptateymi sitja námsráðgjafi, stjórnandi, kennari á yngra stigi og kennari á eldra stigi. Námsráðgjafi er umsjónarmaður teymis og er faglegur leiðbeinandi fyrir kennara og aðra starfsmenn. Umsjónarmaður er með sýn yfir stöðu bekkja skólans og passar upp á að tengslakannanir séu lagðar fyrir alla bekki, að bekkjarfundir séu haldnir reglulega af umsjónarkennurum og að einstaklingsviðtöl séu tekin einu sinni á ári.

Hlutverk samskiptateymis er að fara yfir tilkynningarblöð um einelti eða samskiptavanda og sér um eftirfylgni hvort sem er um einelti eða samskiptavanda að ræða. Hlutverk teymis er einnig að upplýsa annað starfsfólk og skiptast á skoðnum um hvernig hægt er að stuðla að jákvæðu skólaumhverfi. Samskiptateymi tekur þátt í að skipuleggja dag gegn einelti og aðra viðburði tengda vitundavakningu um alvarleika eineltis. Samskiptateymi hittist reglulega og fer yfir þau mál sem eru í vinnslu. Teymið endurskoðar samskiptaáætlun og verkferla árlega og kynnir fyrir starfsfólki, nemendum og foreldrum.

Skólinn og starfsmenn hans

Í Gerðaskóla er unnið með Jákvæðan aga. Í skólanum berum við virðingu fyrir sjálfum okkur, öðru fólki og öllu í kring. Við vinnum alltaf að því að gera okkar besta. Allt starfsfólk Gerðaskóla

á að þekkja samskiptaáætlun skólans og taka þátt í þeirri vinnu sem henni tengist. Árlega eru haldnir fundir þar sem farið er yfir áhersluþætti sem máli skipta, verkefnum er úthlutað og nýjum starfsmönnum er kynnt áætlunin og stefna skólans.

Starfsfólk Gerðaskóla á að geta beitt íhlutun ef það verður vitni að einelti eða andfélagslegri hegðun og láta sig málið varða.

Starfsfólk á að geta metið stöðuna hverju sinni og geta tekið á málum eftir eðli þeirra og er ætlað að leita til réttra aðila ef þurfa þykir (námsráðgjafa, umsjónarkennara, foreldra, skólastjórnenda o.s.frv.). Meginmarkmiðið er vitundarvakning allra starfsmanna fyrir því hvað einelti er, hvernig það birtist og samræming á viðbrögðum við því.

Nemendur

Gerðaskóli vinnur með Jákvæðan aga. Þar er unnið með þarfir nemenda og þeim kennt að vera besta útgáfan af sjálfum sér. Hver bekkur gerir bekkjarsáttmála á haustin. Þegar unnið er að bekkjarsáttmála og með hann hækkar kennarinn vitundarstig nemenda sinna og kennir þeim að stjórna skynjun sinni, einkum í sambandi við ágreining. Þeir læra að útvíkka sjónarhorn sitt, sjá vandamál í nýju ljósi þannig að sjálfsþekking og félagsfærni þeirra eykst. Þeir verða færari í því að vinna úr togstreitu, hjálpast að við að finna lausnir og leita sér hjálpar hjá hinum fullorðnu.

Allir nemendur Gerðaskóla fá reglulega fræðslu um samskipti og einelti. Farið er yfir skólareglur gegn einelti og eiga nemendur að ræða reglurnar og þýðingu þeirra fyrir bekkinn. Umsjónarkennarar hafa vikulega bekkjarfundi þar sem m.a. er rætt um líðan, samskipti og hegðun. Fundirnir eiga að stuðla að jákvæðum samskiptum og samstöðu nemenda gegn einelti. Nemendur eru þjálfaðir í að tjá eigin tilfinningar og sjónarmið. Hlutverkaleikir og klípusögur eru m.a. notaðar til að auka upplifun nemenda og skilning á einelti og til að hvetja þá til að bregðast við því.

Námsráðgjafi leggur fyrir tengslakannanir í bekkjunum einu sinni yfir skólaárið og oftast ef þörf er á. Einstaklingsviðtöl eru tekin einu sinni yfir skólaárið í 6. – 10. bekk af umsjónarkennara, þar sem farið er yfir spurningarlista um bekkjarbrag og líðan. Mikil áhersla er á að nemendur þjálfist í að vinna í hópum og sýni hver öðrum tillitssemi, sveigjanleika og umburðarlyndi.

Allir nemendur Gerðaskóla eiga að:

- ✓ Þekkja bekkjarreglur gegn einelti
- ✓ Taka þátt í bekkjarfundum og virða fundarreglur
- ✓ Leggjast á eitt við að uppræta einelti og stuðla að jákvæðum samskiptum

Heimili

Gerðaskóli telur mikilvægt að samstarf allra aðila í umhverfi nemenda sé gott til að sporna gegn einelti og andfélagslegri hegðun. Margt er það sem heimilin geta gert til að skapa gott andrúmsloft.

Gerðaskóli óskar eftir því að foreldrar:

- ✓ Eigi góð og virk samskipti við foreldra bekkjarfélaga barna sinna
- ✓ Ræði á jákvæðan hátt við börnin sín um samskipti
- ✓ Séu jákvæðir til samstarfs
- ✓ Taki sjálfir á samskiptamálum sem upp koma heima eða utan skólstarfsins
- ✓ Komi upplýsingum til rétttra aðila ef upp kemur vandi

Skilgreiningar og verkefni

Einelti

Við tölum um einelti þegar einstaklingur verður aftur og aftur fyrir neikvæðu og óþægilegu áreiti eins eða fleiri og viðkomandi á erfitt með að verja sig. Um getur verið að ræða beint einelti með höggum, spörkum, blótsyrðum, niðurlægjandi og háðslegum athugasemdum eða hótunum. Það er líka einelti ef stríðni er endurtekin og sá sem stríðnin beinist að hefur sýnt að honum mislíki. Óbeint einelti getur verið jafn slæmt. Með óbeinu einelti er átt við að maður verði útilokaður frá félagahópnum, verði fyrir illu umtali eða að aðrir komi í veg fyrir að maður eignist vini. Rafrænt einelti er stór þáttur af birtingarmynd eineltis og þurfa starfsmenn skóla og foreldrar að fylgjast sérstaklega með tölvu- og símanotkun og samskiptum barna sinna í gegnum veraldarvefinn.

Andfélagsleg hegðun

Andfélagsleg hegðun er sú hegðun sem bregður út frá félagslegum gildum og þegar einstaklingar vanvirða rétt annarra. Einnig er átt við verknaði sem ekki samræmast viðurkenndri hegðun og þeim lögum sem gilda í samfélaginu.

Sá sem verður fyrir einelti (þolandi)

Einstaklingur sem lagður er í einelti þarf hjálp og stuðning við að stöðva eineltið og leiðsögn til að öðlast bætta sjálfsmynd.

Sá sem leggur í einelti (gerandi)

Stöðva þarf andfélagslega hegðun þeirra sem leggja í einelti og aðstoða þá með bættum sjálfsaga til bættrar hegðunar. Hér getur íhlutun verið misjöfn og fer eftir eðli mála hverju sinni.

Bekkjarreglur

Allir nemendur Gerðaskóla eiga að þekkja og tileinka sér bekkjarreglur ásamt bekkjarsáttmálanum. Bekkjarreglurnar eru:

1. Við komum fram við hvert annað af kurteisi og virðingu.
2. Við látum líðan annarra í bekknum skipta okkur máli.
3. Allir tilheyra hópnum og við fögnum fjölbreytileikanum í hverjum hópi.
4. Við segjum fullorðnum frá ef við teljum að einhverjum líði illa, sé útundan eða ef einhver er að leggja í einelti.

Bekkjarfundir og önnur forvarnarvinna

Bekkjarfundir eru haldnir reglulega. Á bekkjarfundum eru m.a. ræddar aðferðir til að sporna við og fyrirbyggja einelti, andfélagslega hegðun og aðrar aðgerðir til að bæta samskipti. Bekkjarfundaformið er hægt að nota til að bæta almennan bekkjaranda og á þeim er hægt að leggja fram hin ýmsu mál til umræðu.

Fundareglur


Ætlast er til þess að fundareglur séu virtar þegar bekkjarfundir og aðrir fundir eru haldnir. Með því að virða reglurnar erum við um leið að bera virðingu hvert fyrir öðru. Á þetta við um starfsfólk og nemendur.

Fundarreglurnar eru:

1. Réttu upp hönd ef þú vilt fá orðið.
2. Allir hafa leyfi til að tjá sig en einn talar í einu.
3. Við nefnum ekki nöfn.
4. Við leyfum öðrum að ljúka máli sínu án þess að grípa fram í.
5. Við hlæjum ekki né flissum þegar bekkjarfélagar okkar segja skoðun sína.
5. Við getum verið ósammála án þess að blóta eða vera orðljót.

Eineltishringur

Eineltishringurinn er útskýringarmynd með orðskýringum. Eineltishringinn eiga allir nemendur að þekkja og geta staðsett sjálfan sig innan hans. Eineltishringurinn á að vera til staðar og sýnilegur í öllum kennslustofum Gerðaskóla.



Leikjavinir - leikir í frímínútum

Haustið 2020 var sett af stað verkefnið Leikjavinir sem unnið er í samstarfi með nemendum í 3. – 7. bekk og 10. bekk. Verkefnið hefur það markmið að efla þátttöku allra í leikjum í frímínútum og draga úr stríðni ásamt því að styrkja ábyrgðartilfinningu ungmenna. Þeir nemendur sem taka þátt hverju sinni skiptast á að standa fyrir leikjum fjórum sinnum í viku allt skólaárið. Sex leikjavinir eru úti í einu og skipta sér á tvö svæði þar sem þeir hafa umsjón með fyrirfram ákveðnum leikjum. Tveir nemendur í 10. bekk fara út hverju sinni og aðstoða yngri nemendur sem eru að sjá um leikina ef þarf. Markmiðið er að verkefnið skili sér í ánægjulegri upplifun nemenda í frímínútum sem ýtir undir góð samskipti á milli nemenda.

Hlutverkaleikir, myndbönd og klípusögur

Hlutverkaleikir, myndbönd og klípusögur eru notaðar til að auka upplifun nemenda, auka skilning á einelti og til að hvetja þá til að bregðast við því. Í hlutverkaleik bregða nemendur sér í hlutverk í fyrirfram ákveðnum ímynduðum aðstæðum. Þessi aðferð gefur nemendum möguleika á að upplifa ólíkar aðstæður og setja sig í spor annarra.

Í samskiptamyndböndum eru sýndar birtingarmyndir eineltis, nemendur ræða saman, finna lausnir og gera verkefni.

Klípusögur eru notaðar til að kveikja umræðu og fá nemendur til að vinna sjálfstætt eða í hóp við að reyna að finna lausnir á hinum ýmsu vandamálum.

Efni frá Vöndu Sigurgeirsdóttur

Starfsfólk fór á námskeið hjá Vöndu Sigurgeirsdóttur skólaárið 2019-2020. Vanda kenndi félagsfærni og áhrifaríkar leiðir við uppbyggingu á góðum bekkjaranda. Glærur frá fyrirlestrinum og verkfæri eru á innri vef skólans. Kennarar ræða einu sinni á ári stöðu nemenda í bekkjum (meðal, vinsæl, hafnað, týnd/gleymd). Einnig skoða kennarar samskipti sín við nemendur. Hvað þeir gefa sig mikið að nemendum (-5, 0, +5).

Tengslakannanir og einstaklingsviðtöl

Námsráðgjafi leggur fyrir tengslakannanir í bekkjunum einu sinni yfir skólaárið (oftast í október) og oftast ef við á. Ef upp kemur grunur um að einelti eigi sér stað er lögð fyrir tengslakönnun sem gæti gefið vísbendingar um stöðu hópsins. Námsráðgjafi fer yfir kannanir til að meta félagslega líðan og stöðu innan bekkjarins og fundar svo með umsjónarkennara.

Skipulögð einstaklingsviðtöl hjá 6. – 10. bekk fara fram einu sinni á skólaári. Umsjónarkennari gerir nemanda grein fyrir að allt sem fer fram í viðtalinu er sagt í trúnaði. Umsjónarkennari notast við spurningalista sem gefur heildarsýn á stöðu barnsins í skólanum, námslega og félagslega. Nemandi getur óskað eftir viðtali hjá umsjónarkennara eða námsráðgjafa hvenær sem er yfir skólaárið.

Skólapúlsinn

Gerðaskóli leggur fyrir nemendur í 6. - 10. bekk könnun Skólapúlsins þar sem komið er inn á líðan. Þeir sem taka þátt hverju sinni njóta nafnleyndar. Könnunin er unnin í tölum í litlum hópum. Umsjónarmaður samskiptasteymis leggur könnunina fyrir. Upplýsingarnar eru nýttar til að vinna að úrbótaáætlun skólans ár hvert.

Tilkynningar og úrvinnsluferli

Einelti er ekki liðið undir neinum kringumstæðum og er litið á það sem alvarlegt brot á skólareglum. Ávallt skal gæta trúnaðar í meðferð samskipta- og eineltismála. Mikilvægt er að allir sem hafa grun eða vitneskju um eineltismál tilkynni það strax til skólans svo að hægt sé að vinna markvisst að því að stöðva eineltið.

Ef vitneskja um einelti berst til skólans, mun starfsfólk vinna samkvæmt eftirfarandi ferillýsingu:

1. Grunur um einelti tilkynnist til starfsmanns skóla sem síðan leitar til skólastjóra sem kallar samskiptateymi saman.

2. Umsjónarmaður samskiptateymis tekur við. Könnunarstig hefst. Teymið skoðar þær upplýsingar sem liggja fyrir og skiptir með sér verkum. Leggja þarf fyrir tengslakönnun og fá upplýsingar frá starfsfólki. Upplýsingar eru skráðar á þar til gert vinnublað. Ræða þarf við forráðamann þolanda og fara yfir málið. Umsjónarmaður eineltisteymis upplýsir aðra kennara/starfsfólk sem koma að viðkomandi nemendum og tryggir að vel sé fylgst með.

3. Teymið kemur saman eftir þessa upplýsingaöflun. Þarf að vera lokið innan viku frá fyrsta fundi. Samskiptateymi ræðir málið og fær í kjölfarið forráðamann þolanda í viðtal, ef um eldra barn er að ræða þá er barnið með á þessum fundi. Þarna er staðan metin og tekin er afstaða með forráðamanni hvort um einelti sé að ræða eða hugsanlegur samskiptavandi.

4. Ef um samskiptavanda er að ræða býður námsráðgjafi viðkomandi barni félagsfærni tíma hjá sér. Umsjónarkennari er upplýstur um samskiptavanda í bekknum og fer líka í vinnu með allan bekkinn. Skýrsla er gerð um málið og mál sett á bið eða lokað.

5. Ef grunur er staðfestur er gerð áætlun um næstu skref með tímaramma.

6. Samskiptateymið skiptir með sér verkum. Gerendur eru kallaðir í viðtal ásamt forráðamönnum. Farið er yfir með foreldrum hvað þeir geta sjálfir gert til að aðstoða barn sitt og mikilvægi samstarfs varðandi eftirfylgni málsins. Foreldrum stendur alltaf til boða að ræða við umsjónarmann eða aðra í samskiptateyminu.

Allt starfsfólk sem kemur að nemendum er látið vita af málinu og er beðið um að fylgjast með. Tekin eru einstaklingsviðtöl við þolanda og gerendur hvern fyrir sig. Viðtalið er skráð niður og allir aðilar skrifa undir. Í samtölum við gerendur er þeim sýnt fram á að staða málsins sé þekkt, þeim er gert ljóst á ákveðinn hátt að það eigi að hætta eineltinu og þeim er sagt frá því að fylgst verði með þróun málsins. Gerendur og þolandi fá félagsfærnitíma hjá námsráðgjafa. Umsjónarmaður teymisins er í sambandi við foreldra á meðan unnið er með málið. Hann skráir alla framvindu málsins í þar til gert skjal. Verkáætlunin er leiðandi og auðvelt að fara eftir. Umsjónarmaður sér til þess að farið sé í alla þættina sem koma fram á verkáætlun, viðtöl, tengslakönnun, fundir og samráð með foreldrum. Umsjónarkennari fer yfir bekkjarreglur,

eineltishringinn og bekkjarsáttmála sem bekkurinn hefur sett sér ásamt því að viðhalda bekkjarfundum. Ef þurfa þykir er málið lagt fyrir lausnateymi skólans og nemendaverndarráð.

7. Áætluðu verkferli lýkur. Foreldrar geranda og þolanda boðaðir á fund og farið er yfir málið og staðan metin. Ef einelti er hætt er gerð skýrsla um það sem allir skrifa undir. Stundum er tekin ákvörðun um að halda málinu opnu aðeins lengur og fylgjast betur með þróun mála. Haldið er áfram með forvarnir.

8. Ef einelti heldur áfram þrátt fyrir ofangreindar aðgerðir er málinu vísað til yfirvalda. Deildarstjóri fræðsluviðs er kallaður til sem fer með málið í farveg utan skólans.

Aðgerðaáætlunina má finn hér ásamt tilkynningarblaði:

https://www.gerdaskoli.is/static/files/7b6c27be_241ae7b2a5670c9e3c0b392f99af1c-adgerdaraaetlun.pdf

https://www.gerdaskoli.is/static/files/3b683fa96b29b5500d1_a35b8f44a3c8a90236c-grunur-um-einelti-tilkynning.pdf

Uppbyggingarvinna ef einelti á sér stað

Ef um einelti er að ræða þá er farið í markvissa vinnu með þolanda og geranda/gerendum. Þar sem eineltismál geta verið mismunandi eru leiðir að úrbótum margar. Það er mat samskiptateymis í samstarfi við umsjónarkennara og foreldra í hverju máli fyrir sig hvaða úrbætur skal fara í. Þær leiðir sem eru í boði eru:

- ✓ Félagsfærni hjá Þroskaþjálfara
- ✓ Námsráðgjafi
- ✓ Markþjálfun
- ✓ Baujan (starfsmaður Gerðskóla fer á námskeið í febrúar 2021)
- ✓ Sálfræðingur

✓ Hjúkrunarfræðingur

Skráningar og varðveisla gagna

Öll mál sem upp koma er varða ákveðna einstaklinga eru skráð á tilkynningarblað og verkskjal. Gæta skal fyllsta trúnaðar við skráningu. Öll gögn eru geymd í skjalaskáp hjá deildarstjóra undir samskiptamál.

Áætlun þessi var unnin haustið 2020 og byggir hún á eineltisáætlun Sandgerðisskóla.

Spurningar fyrir nemendaviðtöl - unnið úr bók Helle Hojby; Ikke mere mobning.

Spurningarnar eru valdar með það í huga að kennarinn fái heildarinnisýn í stöðu barnsins í skólanum. Námslega, félagslega, jákvætt og neikvætt. Fyrsta spurningin er mikilvæg því hún dregur fram hvernig barninu líður almennt í skólanum. Ef barnið svarar þeirri spurningu þannig að því líði ekki vel gefur það tilefni til að spyrja nánar út það. Börnum, sem eru virk í kennslustundum, líður oftast vel í skólanum.

1. Hvernig líkar þér í skólanum?
2. Eru sérstakar kennslustundir sem þér líkar við? Hvaða?
3. Eru sérstakar kennslustundir sem þér líkar ekki vel að vera í? Af hverju?
4. Eru frímínútur sem þú hefur það ekki sérstaklega gott? Hvað er þá í gangi?
5. Hverjir í bekknum ráða mestu? Af hverju heldur þú að þau/þeir/hann hún ráði mestu?
6. Hverjum situr þú hjá? Hverjir sitja við hópborðið þitt? Hvernig gengur það?
7. Heldur þú að allir í bekknum hafi það gott? Er einhver sem þú finnur til með? Er stríðni eða einelti í gangi? Hverjir verða fyrir því?
8. Ef þú gætir valið sjálf/sjálfur hvern myndir þú velja sem allra besta vin í bekknum? Þú mátt velja þrjá. (Biðja nemanda að forgangsraða)
9. Hefur þú hugmyndir um það hvernig við getum haft betri samskipti í bekknum?
10. Er eitthvað í samskiptum innan bekkjarins sem þú hefur ekki talað um og þér finnst að ég eigi að vita?

Frumrannsókn vegna gruns um einelti/samskiptavanda

- Hugmyndir að spurningum -

Er þetta eitthvað sem þú hefur áhyggjur af? (*Þessi spurning á ekki við ef foreldri hefur sérstaklega samband með áhyggjur af mögulegu einelti.*)

Hvaða áhrif heldurðu að þetta hafi á nafn?

Finnst þér nafn sýna einhver einkenni þess að þetta hafi áhrif á hann/hana?

*Hvaða, áhrif?

*Hvernig lýsir það sér?

*Geturðu nefnt mér dæmi svo ég átti mig betur á þessu?

Hefur þetta gerst áður?

*Hvenær?

*Hve oft?

*Hvenær gerðist þetta síðast?

*Hversu oft á síðastliðinni viku/síðastliðnum mánuði?

Staldrá við þessar spurningar og greina vel aðstæður og alvarleika.

Ert þú búin/n að gera eitthvað í þessu sjálf/ur?

*Hvað?

*Hvernig hefur það gengið?

*Hvað sérð þú sem mögulegt næsta skref?

Gæti þetta verið samskiptavandi? (*Fara í muninn á samskiptavanda og einelti.*)

Viltu leggja fram formlega tilkynningu um einelti og láta samskiptateymið hefja rannsókn?
(*Útskýra ferlið ef ákveðið er að leggja fram tilkynningu.*)

Töfrarnir gerast í þögninni. Gefum gott rými til hugsunar svo sannleikurinn láti sjá sig.

Vinnuferli 1 við tilkynningu á einelti (könnunarstig)

Tilkynningu um grun um einelti skilað til fulltrúa samskiptateymis.

Dags. _____

Nafn nemanda: _____

Umsjónarkennari: _____

Aðgerðaáætlun	Dags.	Hver framkvæmir
Rætt við þolanda		
Rætt við forráðamenn þolanda		
Þeir sem koma að þolanda beðnir um að fylgjast með og skrá		
Tengslakönnun lögð fyrir		
Farið yfir eineltishing og skilgreiningu á einelti á bekkjarfundi		
Farið yfir niðurstöður með forráðamönnum		

Foreldrar þolanda upplýstir um niðurstöðu máls: (Dags.) _____

Ekki er talin þörf á frekari vinnu að svo stöddu. Málið sett í bið.

Málið er unnið áfram sem eineltismál. Fer í vinnuferli 2.

Undirskrift forráðamanns

Fyrir hönd Gerðaskóla

Vinnuferli 2 í eineltismálum (aðgerðastig)

Vinnuferli 1 lokið _____ (dags.) og vísað í ferli 2.

Nafn nemanda: _____

Umsjónarkennari: _____

Aðgerðaáætlun	Dags.	Hver framkvæmir
Þeir sem koma að þolanda beðnir um að fylgjast áfram með og skrá		
Foreldrum meints geranda tjáð um málið og leitað eftir upplýsingum		
Rætt við meintan geranda		
Leitað eftir upplýsingum frá mögulegum vitnum		
Rætt við þolanda og geranda daglega (skrá á sérstakt eyðublað)		
Rætt við forráðamenn þolanda og geranda reglulega (skrá á sérstakt eyðublað)		
Foreldrum geranda greint frá stöðu mála reglulega		

Forráðamenn þolanda og fulltrúar eineltisteymis eru sammála um eftirfarandi niðurstöðu:

Máli er lokið.

Málið er sent til Fræðsluskrifstofu.

Undirskrift forráðamanns

Fyrir hönd Gerðaskóla

Nafn: _____ Dags. _____

Nemanda gert kunnugt um að ástæða þess að hann sé kominn í viðtal sé að við höfum fengið upplýsingar um að hann sé að koma illa fram við einstakling/a í bekknum/skólanum.

Spurningar tengdar því að vera gerandi....

1. Vilt þú segja eitthvað um þetta? _____

2. Af hverju heldur þú að þetta sé sagt um þig? _____

3. Er eitthvað til í þessu? Er þetta rétt? _____

Dýpri þæling á líðan nemanda og ástæður neikvæðrar hegðunar

4. Hvað finnst þér um þetta? _____

5. Vilt þú vera „þessi“ manneskja? _____
6. Ef þið mynduð skipta um hlutverk; þú værir hann/hún og hann/hún væri þú.
Hvernig myndi þér líða? _____

7. Myndir þú vilja vera í hans/hennar sporum? _____

8. Hvað viltu gera í þessu? _____

9. Hvernig ætlarðu að gera það? _____

10. Hverju myndi það breyta fyrir þig? Hvernig myndi þér þá líða? _____

11. Er eitthvað sem þér finnst að við ættum að gera fyrir þig hérna í skólanum, til að hjálpa þér? _____

12. Er eitthvað sem þér finnst að foreldrar þínir ættu að gera til að hjálpa þér? _____

13. Hvernig manneskja viltu vera? _____

Nafn: _____ **Dags.** _____

Nemanda gert kunnugt um að ástæða þess að hann sé kominn í viðtal sé að við höfum fengið upplýsingar um að _____ sé að koma illa fram við hann.

Spurningar tengdar því að vera þolandi....

1. Vilt þú segja eitthvað um þetta? _____

2. Hvernig kemur _____ fram við þig? _____

3. Hversu oft hefur þetta gerst? _____
4. Hvenær gerist þetta helst? _____

Dýpri þæling í líðan nemanda...

5. Hvað finnst þér um þetta? Hvernig líður þér með þetta? _____

6. Sérð þú einhverja leið til að stoppa þetta? _____

7. Hvað myndir þú vilja sjá gerast, ef þú gætir alveg ráðið því? _____

8. Hverju myndi það breyta fyrir þig? Hvernig myndi þér þá líða? _____

9. Er eitthvað sem þér finnst að við ættum að gera fyrir þig hérna í skólanum, til að hjálpa þér?

10. Er eitthvað sem þér finnst að foreldrar þínir ættu að gera til að hjálpa þér? _____

11. Hvernig manneskja vilt þú vera? _____

Vinnuferli í máli þolanda

Þolanda gerð grein fyrir því að einelti er ekki liðið í Gerðaskóla. Hann hefur fullan stuðning kennara, starfsfólks og stjórnenda. Hann á rétt á því að fá aðstoð frá námsráðgjafa eða hjúkrunarfræðingi. Þolandi skal vera hughreystur og upplýstur um ferlið sem fer af stað.

Rætt er við þolanda. Hvernig líður honum? Hér er honum gerð grein fyrir því að hann á rétt á stuðningi og tryggja skal að þolandi geti sagt frá ef eineltið heldur áfram. Hér er mikilvægt að skrá nöfn og helstu atriði viðtalsins.

Dags. _____

Ath. Endurtekin viðtöl við þolanda geta verið nauðsynleg.

Foreldrar þolanda eru upplýstir um gang mála. Símtal/samtal.

Dags. _____

Umsjónarmaður teymis þarf að meta aðstæður um hvort betra sé að kalla foreldra á fund, hann getur þá fengið aðstoð á fundinum frá skólastjórnendum, samskiptateymi eða umsjónarmanni samskiptamála.

Vinnuferli í máli gerenda

Gerenda er gerð grein fyrir því að einelti er ekki liðið í Gerðaskóla. Mikilvægt er að nemenda sé gerð grein fyrir afleiðingum gjörða sinna og að haft verði samband við foreldra hans. Nemenda á að vera það ljóst að starfsmenn skólans munu nú fylgjast sérstaklega með honum.

Rætt er alvarlega við gerenda. Gerenda er gerð grein fyrir því að hann skal hætta skilyrðislaust að leggja í einelti. Mikilvægt er að ef um fleiri en einn gerenda er að ræða að það sé talað einslega við hvern og einn. Skráið nöfn, dagsetningu og helstu atriði viðtals.

Dags. _____

Ath. Endurtekin viðtöl við gerenda geta verið nauðsynleg.

Foreldrar gerenda eru upplýstir um gang mála. Símtal/samtal.

Dags. _____

Umsjónarmaður teymis þarf að meta aðstæður um hvort betra sé að kalla foreldra á fund, hann getur þá fengið aðstoð á fundinum frá skólastjórnendum, samskiptateymi eða umsjónarmanni samskiptamála.

Eftirfylgni

Eftirfylgnin er mikilvæg, það þarf að ræða reglulega við þolanda/gerenda. Að vera í reglulegu sambandi við þolanda gefur upp skýra mynd hvort líðan nemenda sé betri eða í sama fari. Það sama á við um geranda.

Eftir viku skal tekið aftur viðtal við þolanda, hvernig gengur?

Haft samband aftur heim og rætt um framvindu mála. Skráið dagsetningu og helstu atriði samtalsins.

Viðtal við gerenda/gerendur, hvernig gengur?

Haft samband aftur heim og rætt um framvindu mála. Skráið dagsetningu og helstu atriði samtalsins.

Hvað ef eineltið hættir ekki?

Fundur með foreldrum, bæði foreldrum þolanda og geranda. Öll fyrri gögn um málið eru tekin fyrir á nemendaverndarráðsfundi. Málið er þá komið í hendur stjórnenda sem ákveða um framhald málsins.